

Mánudaginn 17. janúar 1915.

Nr. 36/1915.

Sveinn Björnsson f. h. firmans
Emil Andersen
gegn
Andr. Figved.

D ó m u r:

Með bréfi dags. 16. marz 1910 pantaði stefndi Andr. Figved kaupmaður á Eskifirði vörur hjá hlutafélaginu »Handelsselskabet Isafold« í Kaupmannahöfn. Vörupöntun þessa fól nefnt hlutafélag áfrýjanda, firmnanu Emil Andersen í Kaupmannahöfn, að afgreiða. Vörur þessar sendi nefnt firma í öndverðum aprilmánuði s. á.; farmskirteini eða önnur skjöl fylgdu eigi sendingu þessari, en 22. s. m. fekk stefndi reikning yfir vörurnar frá Emil Andersen að upphæð kr. 6554,13.

Með því stefndi hafði fengið aðrar vörur en hann hafði beðið um, ritaði hann 23. apríl hlutafélaginu »Isafold« umkvörtun yfir þessu, og svaraði nefnt hlutafélag því bréfi 4. júní s. á., og segir þar meðal annars, að Emil Andersen hafi eftir áskorun þess gífofað bótum fyrir þetta, og tók þá stefndi að því er virðist vörurnar til sín.

Um aðfinslur stefnda virðist hlutafélagið ekki hafa látið áfrýjanda neitt vita, og ekkert aðhafst síðan annað en það, að það skoraði á stefnda með símskeyti 27. okt. 1910 að borga vörurnar.

Með því áfrýjandi fekk engin skil á andvirði þinnar umgetnu vörusendingar, þá höfðaði hann mál

á hendur stefnda fyrir gestarétti Suður-Múlasýslu til greiðslu á kr. 554,13 ásamt 6 % ársvöxtum frá stefnudegi 13. jan. 1914 til borgunardags og til greiðslu málskostnaðar. Lauk máli þessu svo, með dómi nefnds réttar 19. febr. 1915, að stefndi var sýknaður af kröfum áfrýjanda, en málskostnaður var látinn falla niður.

Dómi þessum hefir Sveinn Björnsson yfirrettarmálaflutningsmaður fyrir hönd firmans Emil Andersen skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 5. júní f. á. og krafist þess, að dómi þessum verði hrundið og breytt þannig, að allar kröfur umbjóðenda síns fyrir gestaréttinum verði teknar til greina og stefndi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Stefndi krefst þess hins vegar að verða sýknaður af kærum og kröfum áfrýjanda eða til vara að dómkrafa hans verði færð niður um 120 kr. og að sér verði dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Það er viðurkent, að stefndi hefir ekki greitt andvirði umræddrar vörusendingar, en hann heldur því fram, að hann eigi eingöngu við hlutafélagið »Ísafold« um greiðsluna, en krafa áfrýjanda sé sér alveg óviðkomandi. Þetta byggir hann á því, að hann hafi pantað vörurnar frá »Ísafold« sem seljanda, að nefnt félag hafi komið fram gagnvart sér sem seljandi, það hafi lofað sér (stefnda) bótum fyrir ranga vörusendingu og það hafi krafist sig um borgun.

Áfrýjandi heldur því hins vegar fram að hann eigi aðganginn að stefnda, hlutafélagið »Ísafold«

hafi gagnvart sér að eins komið fram sem umboðsmaður, það hefi aldrei óskað kaups á umræddum vörum sér til handa, heldur hafi það sent sér (áfrýjanda) pöntun stefnda, og samkvæmt þessu hafi vörurnar verið sendar beint til stefnda og honum sendur reikningur, eins og venjulegt sé er vörur eru keyptar með aðstoð umboðsmanns.

Það skiftir nú eigi máli þótt stefndi hafi pantað vörurnar hjá hlutafélaginu »Isafold«, því það er engin sönnun fyrir því að »Isafold« hafi verið seljandi.

Í málinu er nú ekkert framkomið er bendi til þess að hlutafélagið »Isafold« hafi sjálft keypt umræddar vörur. Eftir að það fekk vörupöntun stefnda sendi það pöntunina til áfrýjanda og bað hann að afgreiða hana gegn 3ja mánaða gjaldfresti, og ætlast til að frumrit af reikningi sé sent kaupanda, en óskar að eins að fá eftirrit af honum. Hlutafélagið »Isafold« virðist heldur eigi síðar vera í neinum vafa um afstöðu sína, þar sem það í bréfi sínu 4. júní 1910 til stefnda kveðst hafa fengið Emil Andersen til að lofa að greiða stefnda bætur fyrir það, sem hann í bréfi sínu 23. apríl hafði haft út á vörusendinguna að setja, og segist búast við að Andersen riti honum (stefnda) um þetta og ef hann reyni að ganga frá þessu þ: að greiða bætur, þá skuli stefndi láta félagið vita, þaræð það muni þá fá það leiðrétt.

Alt þetta bendir ótvírætt til þess, að »Isafold« hafi talið áfrýjanda seljanda en ekki sig, og þessi afstaða getur ekki breyzt við það, að »Isafold« krafði stefnda um greiðslu 27. okt., enda verður ekki annað séð af nefndu bréfi stefnda frá 23. apríl, en

— að hann þá hafi skoðað firmað Emil Andersen sem seljanda, þar sem hann tekur fram, að hann að svo stöddu geymi nokkurn hluta af vörusendingunni á kostnað sendanda — for Afskiberens Regning —, en þá var honum kunnugt um að Andersen var sendandi.

Það verður því að líta svo á, að áfrýjandi hafi rétt til að ganga eftir andvirði umræddrar vörusendingar hjá stefnda.

Þá kemur til álita varakrafa stefnda um að dómkrafa áfrýjanda verði færð niður um 120 kr. Þessa kröfu rökstyður stefndi þannig, að hann hafi pantað $20\frac{1}{2}$ kassa af melís og hafi hann ætlast til að þetta væru $20\frac{1}{2}$ kassar af höggnum melís, en í stað þess hafi hann fengið 20 kassa af steyttum melís (strausykri) mismunandi að stærð og þyngd, alls kringum 1100 pd. Þessi sykur hafi verið reiknaður á 22 auru pundið og kassarnir á 50 auru hver. Telur stefndi að hann hefði getað fengið þessa vörutegund annarstaðar frá fyrir 16—18 auru pundið, og sé því verðmunurinn 44—66 kr. eða að meðaltali 55 kr. Fyrir kassana séu reiknaðar 10 kr., en með því slíkur sykur sé vanalega sendur í pokum, hafi hann rétt til að draga verð kassanna 10 kr. frá kröfunni. Auk þess hafi hann farið á mis við verzlunarhagnað af því að fá ekki hinn umbeðna höggna sykur, er ekki geti talist miðni en 50—60 kr.

Það er að visu svo, að pöntun stefnda gat naumast skilist öðruvísi en að hann ætlaðist til að fá $20\frac{1}{2}$ kassa af höggnum melís, en áfrýjandi verður þó ekki gefin sök á þessu, með því að tilkynningin

frá »Isafold« til áfrýjanda gaf honum ástæðu til að ætla að þar væri átt við steyttan melis. — Þetta hefði að vísu gefið stefnda fulla heimild til þess að neita móttöku á umræddum sykurdösum, eins og hann gerði ráð fyrir í bréfi sínu 23. apríl 1910, en þar sem hann þó síðar tók þá til sín og ekki er sannað gegn neitun áfrýjanda, að hið setta verð sé óeðlilega hátt, virðist ekki verða hjá því komist að dæma stefnda til að borga sykurrinn, með því verði, er á hann var sett. Áfrýjandi hefir og neitað því, að hlutafélagið »Isafold« hafi nokkurn tíma látið sig vita um aðfinslur stefnda gegn umræddri sykursendingu, og hefir honum því ekki gefist kostur á að ráðstafa sykrunum á annan hátt.

Kröfu um skaðabætur fyrir vansendan sykur getur stefndi enga haft á hendur áfrýjanda.

Samkvæmt framansögðu ber að fella hinu áfrýjanda dóm úr gildi og dæma stefnda til að greiða áfrýjanda hina umstefndu upphæð 554 kr. 13 au. með 6% ársvöxtum frá stefnudegi 13. jan. 1914 til borgunardags. Samkvæmt þessum úrslitum málsins ber honum og að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir undirrétti og yfirdómi, er ákveðst 80 kr.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi Andr. Figved greiði áfrýjanda Sveini Björnssyni f. h. firmans Emil Andersen 554 kr. 13 au. með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til borgunardags og í málskostnað 80 kr.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 24. janúar 1916.

Nr. 84/1915.

Valdstjórnin

gegn

Tönnnes Frederiksen f. h.

h/f Timbur og Kolaverzlun Reykjavík.

D ó m u r :

Með lögregluréttardómi Reykjavíkurkaupstaðar uppkveðnum 9. júlí f. á. var kærði Tönnnes Frederiksen forstjóri h/f Timbur og Kolaverzlunin Reykjavík dæmdur samkvæmt 4. gr. í hafnarlögnum fyrir Reykjavík 11. júlí 1911 fyrir að hafa gert í heimildarleysi dráttarbraut fyrir báta í sjó fram út af leigulandi sínu nyrst á Arnarhólslóð hér í bænum í 10 kr. sekt til hafnarsjóðs Reykjavíkur og til að greiða fyrir hönd félagsins allan kostnað sakarinnar; svo var og hafnarnefnd Reykjavíkur gert heimilt að láta taka dráttarbrautina burt á kostnað hlutafélagsins.

Þessum dómi er af hálfu valdsstjórnarinnar skotið til yfirdómsins.

Í nefndri lagagrein er svo fyrir mælt, að meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina megi ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, né heldur breyta mannvirkjum þeim, er nú eru, og ekki fylla upp né dýpka út frá landi nema með